

SKÓLASKRIFSTOFA  
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31  
220 Hafnarfjörður

Opin mán.-fös. kl. 8-16.

Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

## RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfús Hallgrímsson  
Þróunarfulltrúi grunnskóla  
vigfus@hafnarfjordur.is

## MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðnir að senda tölvupóst á [vigfus@hafnarfjordur.is](mailto:vigfus@hafnarfjordur.is). Þá eru vel þegnar ábendingar um það sem betur má fara.

## DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR  
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.  
[www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is)
- Engidalsskóli.  
[www.engidalsskoli.is](http://www.engidalsskoli.is)
- Hraunvallaskóli.  
[www.hraunvallaskoli.is](http://www.hraunvallaskoli.is)
- Hvaleyrarskóli.  
[www.hvaleyrarskoli.is](http://www.hvaleyrarskoli.is)
- Lækjarskóli.  
[www.laekjarskoli.is](http://www.laekjarskoli.is)
- Setbergsskóli.  
[www.setbergsskoli.is](http://www.setbergsskoli.is)
- Víðistaðaskóli.  
[www.vidistadaskoli.is](http://www.vidistadaskoli.is)
- Öldutúnsskóli.  
[www.oldutunsskoli.is](http://www.oldutunsskoli.is)
- Barnaskóli Hjallastefnunnar  
[www.hjalli.is/bsk7610](http://www.hjalli.is/bsk7610)

SKÓLASKRIFSTOFA  
HAFNARFJARÐAR

## Skólavefritið

6. ÁRGANGUR, 9. TBL.

16. OKTÓBER 2009

## Grænfáninn kemur aftur í Öldutúnsskóla

Öldutúnsskóli fékk Grænfánann afhentan í annað sinn í vikunni en skólinn fékk hann fyrst afhentan árið 2005. Nemendur voru kallaðir á sal snemma morguns, í þremur hópum, þar sem fram fór hátíðleg athöfn. Kórar Öldutúnsskóla sungu, fulltrúar nemenda í umhverfisnefnd sögðu nokkuð orð og skólastjórnarnir Erla Guðjónsdóttir og Valdimar Víðisson ávörpuðu nemendur og gesti. Að lokum tók Orri Páll Jóhannsson, fulltrúi Landverndar, til máls og afhenti skólanum Grænfánann.

Klukkan 13:00 mættu svo allir nemendur skólans út við fánastangir og fylgdust með þegar íslenski fáninn og Grænfáninn voru dregnir að húni. Mikil ánægja var með daginn sem tókst afar vel og nemendur stóðu sig með mikilli prýði. Umhverfisnefnd skólans hefur unnið vel og verið áhugasöm um að tryggja að skólinn fengi Grænfánann aftur.

Grænfáninn er alþjóðlegt umhverfisverkefni fyrir skóla og felur í sér viðurkenningu á að skólar vinni að umhverfisvernd í skóla-samfélaginu í viðum skilningi, s.s. við endurvinnslu, náttúruvernd o.fl.

Myndirnar hér eru frá þriðjudeginum þegar Grænfáninn var afhentur.



F.v. Valdimar Víðisson, aðstoðarskólastjóri og Erla Guðjónsdóttir, skólastjóri Öldutúnsskóla.



VERKEFNISVEFSLÓÐ: <http://www.oldutunsskoli.is>



## Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfinni

» Aftur er minnt á Sprotasjóð sem nú er í auglýsingu hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu: Við mat á umsóknunum verða eftirfarandi viðmið höfð að leiðarljósi; skýr markmið verkefnis, verkefnisstjórn vel skilgreind, raunsæjar kostnaðar-, verk- og tímaáætlanir og framlag samstarfsaðila sé tryggt og vel skilgreint. Litið verður til þess hvort afrakstur verkefnisins sé líklegur til að hafa jákvæð áhrif á íslenskt skólalíf. Einnig verður skoðað hvernig verkefni falla að áherslusviðum Sprotasjóðs. Verkefni sem falla utan áherslusviðs fá sérstaka umfjöllun í ljósi áhrifa á íslenska menntun. Áherslusvið sjóðsins verða að þessu sinni:

- Sveigjanleiki og fjölbreytni í námi og kennsluháttum.
- Lestrarkennsla og læsi í viðum skilningi.

Fyrir skólaárið 2009–2010 verða til úthlutunar allt að 50 milljónir kr. og er umsóknarfrestur til 6. nóvember næstkomandi. Fyrsta úthlutun fer fram í desember 2009. Skólastjórnendur, kennarahópar og einstakir kennarar geta sent inn umsókn í Sprotasjóð. Aðrir aðilar geta sótt um þróunarverkefni í samstarfi við skóla. Í þeim tilfellum skal staðfesting á þátttöku skóla fylgja umsókn.

» **Frá Námsgagnastofnun: Þjóðfélagsfræði** eftir Garðar Gíslason er komin út og er kennslubók ætluð efstu bekkjum grunnskólans. Bókin er byggð á markmiðum aðalnámskrár. Bókin kom fyrst út 2001 og er þetta 3. útgáfa hennar, sem er rækilega endurskoðuð, ýmsu nýju efni bætt við og eldra efni fellt burt.



**Kynningarfundur um hagi og líðan nemenda í 5.-7. bekk grunnskóla verður haldinn í Hvaleyrarskóla fimmtudaginn 22. október kl. 10-11. Þar mun fulltrúi Rannsóknar & greiningar kynna niðurstöður rannsóknar í Hafnarfirði vorið 2009. Ætlaður stjórnendum skóla, starfsfólki félagsmiðstöðva, kennurum og fleirum.**

### Tilkynning vikunnar

Vetrarfrí er í grunnskólum Hafnarfjarða dagana 29.-30. október nk. Þá fellur niður öll kennsla og sömuleiðis er heilsdagsskólinn lokaður. Það er eina vetrarfríið á þessu skólaári.

**Næsta blað Skólavefritsins er væntanlegt föstudaginn 22. október 2009**

### Árlegt menntaþing menntavísindasviðs HÍ

Menntavísindasvið HÍ heldur árlegt menntaþing sít dagana 29.-30. október nk. Það hefst kl. 14 báða dagana. Þetta er í 13. sinn sem það er haldið. Þetta eru jafnframt vetrarfrisdagar í grunnskólum Hafnarfjarðar.

Yfirskrift þingsins í ár er **Föruneysi barnsins—velferð og veruleiki**. Á fimmtudeginum verða fyrst flutt stutt ávörp og dr. Charles

Desforges flytur aðalfyrirlestur. Eftir það verða málstofur þar sem hægt er að velja um margvíslega flokka, t.d. tómsundafræði, fötlunarfræði, námskráfræði o.s.frv. Á föstudeginum verða tvískiptar málstofur og hringborðsumræður, þ.e. frá kl. 14-15.30 og kl. 16-17.

Skráning fer fram í gegnum vefsíðu SRR.



### Símenntun

Áhugvert fyrir alla sem vilja fylgjast með rannsóknum og starfi á menntavísindasviði HÍ.

### SRR - Símenntun Rannsóknir Ráðgjöf

**VEFSLÓÐ:** <http://vefsetur.hi.is/srr/node/46>



### Námskeið

### Námskeiðahaldið í næstu viku

**Mánudagur 19. október:**

- Námskeið 102 **Framsögn og munnleg tjáning** á Skólaskrifstofunni kl. 15-16.30. Fyrri tími af tveimur. Enn laus pláss.
- Námskeið 301 **Grunnnámskeið í myndvinnslu** í Menntasetrinu við Lækinn kl. 15-17. Annar tími af fjórum.
- Námskeið 602, **Lesið í skóginn - hagnýt tálgun í tré** í Lækjarskóla (smíðastofa) kl. 16-19. Annar tími af þremur.

**Þriðjudagur 20. október:**

- Námskeið 603 **Hollusta í skólaeldhúsinu** á Skólaskrifstofunni (2. hæð) kl. 13.30-15.

**Fimmtudagur 22. október:**

- Námskeið 303 **Linux stýrikerfið til kennslu og stjórnunar** í Lækjarskóla (tölvustofa) kl. 16-19. Annar tími af fjórum.

**VEFSLÓÐ:** [http://www.hafnarfjordur.is/hafnarfjordur/stjornsysla/fraedslusvid/skolaskrifstofa/fraedslustarfsemi\\_skolaskrifstofu/](http://www.hafnarfjordur.is/hafnarfjordur/stjornsysla/fraedslusvid/skolaskrifstofa/fraedslustarfsemi_skolaskrifstofu/)